



# SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Matvælaráðuneyti  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Reykjavík 23. mars 2023

2303030SA KB/fhs  
Málalykill: oo.64

## **Efni: Umsögn um stöðuskjal og tillögur að aðgerðum um bætta nýtingu lífrænna efna**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda, 10. mars síðastliðinn þar sem birt er stöðuskjal og tillögur að aðgerðum um bætta nýtingu lífrænna efna í landbúnaði og landgræðslu. Í tengslum við undirbúning þessarar vinnu funduðu fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga 27. október 2022 með skýrsluhöfundum frá verkfræðistofunni EFLU sem vann skýrsluna að beiðni matvælaráðuneytisins.

Sambandið fagnar útgáfu skýrslunnar og telur hana mikilvægt skref í átt að markmiði um bætta nýtingu lífrænna efna í landbúnaði og við landgræðslu. Sambandið vill þó koma á framfæri ábendingum sem fram koma hér að neðan í tengslum við þá vinnu sem framundan er.

### **I. Innviðaupbygging til bættrar nýtingar lífrænna efna**

Samband íslenskra sveitarfélaga fagnar því að gera eigi þarfagreiningu til þess að meta þörf á innviðaupbyggingu til bættrar nýtingar lífrænna efna. Innleiðing nýrra laga um hringrásarhagkerfið sem komu til framkvæmda 1. janúar 2023 og breytingar á söfnun og annarri meðhöndlun úrgangs sem þau innibera hafa verið fyrirferðarmikil í starfi sveitarfélaga að undanfögnu.

Lífrænt efni fellur til við ýmsa framleiðslu víðsvegar um landið og er nauðsynlegt að meta þörfina til uppbyggingar á hverju landsvæði fyrir sig og í samræmi við þá söfnun og meðhöndlun lífræns úrgangs sem alla jafna fer fram í hverjum landshluta. Mikilvægt er við þá þarfagreiningu að eiga þétt samtál við Samband íslenskra sveitarfélaga sem og landshlutasamtök í hverjum landshluta. Jafnframt er nauðsynlegt að þegar mismunandi innviðaupbygging er metin sé verið að leggja til innviðaupbyggingu sem byggir á raunverulegum og sannreindum aðferðum til endurnýtingar við lok úrgangsfasa. Öll meðferð lífúrgangs þarf að vera á grundvelli vandaðrar ráðgjafar svo ekki sé gengið til innviðaupbyggingar sem ekki mun gagnast til lengri tíma. Við alla innviðaupbyggingu er nauðsynlegt að fara í kostnaðar- og ábatagreiningu varðandi uppbyggingu innviða. Ef gert er ráð fyrir því að sveitarfélögin beri kostnað af slíkri uppbyggingu er mikilvægt að þétt samstarf verði við sambandið um slík uppbyggingaráform.

### **II. Skýrsla Environice um dýraleifar**

Í mars 2023 var gefið út minnisblað af ráðgjafastofunni Environice um ráðstöfun dýraleifa sem unnin var að beiðni Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Meginniðurstöður skýrslunnar er að ráðstöfun þeirra sé í miklum ólestri á Íslandi. Urðun hefur verið helsta ráðstöfunarleiðin fyrir dýraleifar, bæði fyrir áhættuminni úrgang og áhættuúrgang. Fullnægjandi ráðstöfunarleiðir hafa þó verið tiltækar,

bæði í Kólku, Orkugerðinni ehf. og Moltu ehf. Lagt er til í minnisblaðinu að koma upp kerfi fyrir söfnun, frágang og flutning dýraleifa frá búrekstraraðilum og vinnslustöðvum, byggja upp innviði sem afkasta því magni sem til fellur og að laga gjaldskrár og móttökuskilyrði urðunarstaða að þessu nýja fyrirkomulagi. Mikilvægt sé að nýta þá vinnu sem unnin hefur verið sem grundvöll til áframhaldandi bættrar nýtingar dýraleifa og líta til skipulags á slíkri söfnun í þeim löndum sem við berum okkur saman við s.s. norðurlöndin.

Skýrsla Environice er aðgengileg á [vefnum](#).

### III. Áskoranir sem snúa að sveitarfélögum

Margar þeirra aðgerða sem lagðar eru til í skýrslunni geta haft almenna þýðingu við töku ákvarðana um mögulega nýtingu áburðarefna, m.a. frá úrgangsmeðhöndlun og fráveitum. Ein aðgerð beinist sérstaklega að fráveitum, sem er nr. C.4 um gerð hönnunarleiðbeininga fyrir hönnun fráveitumannvirkja í nýjum hverfum. Sambandið er sammála aðgerðinni, sem felur í sér áherslu á aðskilnaði grávatns og svartvatns með mögulega nýtingu áburðarefnis úr fráveitum.


Samband íslenskra sveitarfélaga skilaði nýlega umsögn um nýja fráveitutilskipun Evrópusambandsins (e. Urban wastewater directive), sem meðfylgjandi er umsögn þessari. Í umsögninni er vakin athygli á sérstöðu Íslands í fráveitumálum þar sem t.d. stafar lítil ógn af næringarefnum sem veitt er í strandsjó. Við ákvarðanir um meðhöndlun frárennslis með nýtingu lífrænna efna frá fráveitu í huga er mikilvægt að fylgst sé með þeim kröfum sem gerðar verða til íslenskra stjórnvalda um hreinsun fráveitu. Útþynning lífrænna efna í fráveitum er við núverandi aðstæður mikil, ekki aðeins vegna ofanvatns heldur einnig hitaveituvatns sem beint er í fráveitu. Án efa mun á næstu áratugum verða þróun í uppbyggingu og rekstri fráveitna sem skapað geta tækifæri til að nýta þau lífrænu efni sem safnast geta í hreinsistöðvum í landbúnað eða landgræðslu.

### IV. Niðurlag

Samband íslenskra sveitarfélaga lýsir sig tilbúið til þess að koma að áframhaldandi vinnu við þennan málaflokk þar sem hann snertir sveitarfélög og er þess óskað að skipulagðir verði fundir með sambandinu og landshlutasamtökum í tengslum við vinnu aðgerðaáætlunar.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

Fylgiskjal

1. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um fráveitutilskipun ESB.